



Gagnsæiðsskýrsla KPMG 2018



Efnisyfirlit

1. Ávarp framkvæmdastjóra	3
2. Um okkur	4
3. Rekstrarform, stjórnun og eignarhald	5
4. Gæðastjórnunarkerfi	6
5. Fjárhagslegar upplýsingar	16
6. Greiðslur til hluthafa	16
7. Upplýsingar um KPMG netið	17
8. Yfirlýsing stjórnar KPMG ehf. um skilvirkni gæðaeftirlitskerfa og óhæði	18
Viðauki 1: Stjórnendur KPMG ehf.	19
Viðauki 2: Einingar tengdar almannahagsmunum	20

1. Ávarp framkvæmdastjóra

Traust er ein af grunnstoðum heilbrigðs atvinnulífs og virks verðbréfamarkaðar. Sem endurskoðendur og ráðgjafar gegnum við mikilvægu hlutverki í að efla traust þar sem við störfum, meðal annars með því að votta og árita ýmis konar fjárhagsupplýsingar. Fagmennska, óhæði og heilindi eru grundvallarforsendur í öllu sem við gerum.



Jón S. Helgason

KPMG ehf. gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki ekki síst með vottun fjárhagsupplýsinga sem endurskoðendur, þar með talið margra af stærstu félögum landsins og fjölmörgum félögum og stofnunum sem eru einingar tengdar almannahagsmunum. Starfsfólk okkar er meðvitað um þann tilgang okkar að efla traust og stuðla að jákvæðri framþróun og öll þjálfun okkar og verkferlar miða að því að við vinnum verk okkar af heilindum og fagmennsku. Markmiðin eru skýr um að viðskiptavinir okkar njóti gæðabjónustu af hálfu framúrskarandi starfsfólks og að við njótum trausts hjá almenningi, eftirlitsaðilum, hagsmunaaðilum og samfélaginu öllu. Fyrirtækjamenning okkar byggir á grunnildum sem styðja vel við þessa sýn okkar og markmið.

Aukið gagnsæi eflir traust og með gagnsæisskýrslu þessari er markmið okkar að lýsa gæðakerfum okkar og veita innsýn í hvernig við störfum og hvernig markmiðið er að viðhalda ávallt mestu gæðum í vinnu okkar. Í skýrslunni er að finna ítarlegar upplýsingar um félagið okkar, eignarhald, gæðakerfi og fjárhagsupplýsingar, en nýjasti ársreikningur félagsins er einnig aðgengilegur á heimsíðu félagsins.

Endurskoðunar- og ráðgjafarþjónusta stendur frammi fyrir gríðarlegri tækniþróun. Fjórða iðnbyltingin mun hafa umtalsverð áhrif á framtíðarstörf sérfræðinga og mun KPMG leitast við eftir fremsta megni að tileinka sér nýja tækni sem og nýta hana eins og kostur er til að styðja við markmið okkar.

Hafir þú lesandi góður frekari spurningar um rekstur eða skipulag félagsins þá ekki hika við samband við okkur.

Jón Sigurður Helgason
framkvæmdastjóri





2. Um okkur

KPMG er leiðandi í samkeppni fyrirtækja á sviði endurskoðunar, ráðgjafar og skatta- og lögfræðiráðgjafar.

KPMG á Íslandi

KPMG ehf. býður viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði endurskoðunar, skatta- og lögfræðiráðgjafar, bókhalds, uppgjörs og alhliða fjármálaráðgjafar. Við erum með 16 starfsstöðvar um allt land. Hjá félaginu voru 300 starfsmenn hinn 30. september 2018 (2017: 275).

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð KPMG á Íslandi má finna á vefsíðunni www.kpmg.is

Stjórn KPMG ehf. hefur sett sér þau markmið að félagið sé í fremstu röð endurskoðunar- og ráðgjafar-fyrirtækja á Íslandi. Stjórnin hefur jafnframt markað þá stefnu að viðskiptavinum verði veitt þjónusta sem stenst allar gæðakröfur sem lög og faglegir staðlar setja um starfsemina.

KPMG ehf. er aðili
að KPMG
International,
svissnesku
samvinnufélagi.

3. Rekstrarform, stjórnun og eignarhald

3.1 Rekstrarform og eignarhald

KPMG ehf. er aðili að KPMG International, svissnesku samvinnufélagi. Nánari upplýsingar um starfsemi KPMG International má nálgast í [skýrslu þess um gagnsæi](#).

KPMG International er alþjóðlegt net fyrirtækja sem veita sérfræðipjónustu á sviði endurskoðunar og ráðgjafar til fjölbreytts hóps viðskiptavina, einkaaðila og opinberra aðila. Skipulagi KPMG International er ætlað að styðja við samræmda gæðapjónustu og fylgni við sameiginleg gildi hvar sem aðildarfélögin starfa.

KPMG er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Félagið var stofnað 4. september 1975 og varð aðili að alþjóðlega KPMG netinu árið 1985.

Félagið hefur réttindi til endurskoðunarstarfa samkvæmt leyfisbréfi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Endurskoðendanúmer félagsins er EF-2011-003.

Eigendur KPMG ehf. eru 38. Þeir starfa allir hjá félaginu og er listi yfir þá aðgengilegur [á heimasíðu félagsins](#).

3.2 Nafn og tengsl

KPMG er skráð vörumerki KPMG International og er það nafn sem aðildarfélögin almennt bera. Rétturinn til að nota KPMG nafnið og vörumerki leiðir af ákvæðum samninga við KPMG International.

Almennt eru aðildarfélögin í eigu og undir stjórn heimamanna. Sérhvert aðildarfélag ber ábyrgð á sínum eigin skyldum og skuldbindingum. KPMG International og önnur aðildarfélög bera enga ábyrgð á skuldbindingum annars aðildarfélags.

Aðildarfélög geta starfað í fleiri en einu félagi á hverjum stað. Í slíkum tilvikum ber hvert félag ábyrgð á sínum eigin skuldbindingum, nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

3.3 Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Samkvæmt samningum við KPMG International ber aðildarfélögum að fylgja stefnum og reglum sem settar eru af KPMG International, þar á meðal gæðastöðlum um hvernig félögin skuli starfa og veita viðskiptavinum samkeppnishæfa og árangursríka þjónustu. Í þessu felst að innra skipulag félagsins tryggji samfellu og stöðugleika í rekstri og að það geti innleitt alþjóðlegar stefnur, skipst á þekkingu og upplýsingum, þjónustað viðskiptavini af ólíkum þjóðernum, stýrt áhættu og nýtt alþjóðlegar aðferðir og búnað.

Hvert aðildarfélag fyrir sig ber ábyrgð á stjórnun sinni og gæðum vinnu sinnar.

Aðildarfélögin skuldbinda sig til að vinna eftir sameiginlegum gildum KPMG, sjá nánar kafla 4.1.

Starfsemi KPMG International er fjármögnuð af aðildarfélögunum. Grunnur útreiknings þeirra fjárhæða er samþykktur af alþjóðastjórninni ("Global Board") og er beitt með samræmdum hætti gagnvart aðildarfélögunum. Unnt er að binda enda á stöðu aðildarfélags KPMG og þátttöku í neti KPMG ef m.a. aðildarfélagið hefur ekki fylgt stefnum og reglum sem settar hafa verið af KPMG International eða uppfyllir að öðru leyti ekki skyldur sínar gagnvart KPMG International.

3.4 Stjórnskipulag

KPMG ehf. hefur lagt sig fram um að viðhalda góðum og viðurkenndum stjórnarháttum.

Stjórnskipulag KPMG ehf. er tilgreint í samþykktum þess og samkvæmt þeim fara eftirfarandi með stjórn félagsins:

- Hluthafafundir.
- Stjórn félagsins.
- Framkvæmdastjóri.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda. Á milli hluthafafunda fer stjórn félagsins með æðsta vald í málefnum þess.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum sem kjörnir eru á hluthafafundi og eru þeir allir hluthafar. Stjórnina skipa eftirfarandi:

- Svanbjörn Thoroddsen, stjórnarformaður
- Ágúst Karl Guðmundsson
- Hlynur Sigurðsson
- Hrafnhildur Helgadóttir
- Kristrún H. Ingólfssdóttir

Framkvæmdastjóri félagsins, Jón S. Helgason, er hluthafi .

KPMG á Íslandi er skipt í þrjú tekjusvið. Þau eru:

- Endurskoðunarsvið, sviðsstjóri er Guðný H. Guðmundsdóttir. Innan endurskoðunarsviðs starfar uppgjörs- og bókhaldssvið sem Birna Rannversdóttir veitir forstöðu.
- Ráðgjafarsvið, sviðsstjóri er Benedikt K. Magnússon.
- Skatta- og lögfræðisvið, sviðsstjóri er Soffía Eydís Björgvinsdóttir.

Nánari upplýsingar um helstu stjórnendur KPMG ehf. eru í viðauka 1.

4. Gæðastjórnunarkerfi

Öflugt og samræmt gæðastjórnunarkerfi er frumskilyrði þess að veita þjónustu í háum gæðaflokki.

Yfirlit

Öflugt og samræmt gæðastjórnunarkerfi er frumskilyrði þess að veita þjónustu í háum gæðaflokki.

KPMG International hefur sett gæðastjórnunarreglur sem gilda um öll aðildarfélögin. Þær er að finna í KPMG Global Quality & Risk Management Manual sem aðgengilegur er öllum starfsmönnum. Reglum þessum og tengdum verkferlum er ætlað að leiðbeina aðildarfélögunum við að uppfylla viðkomandi faglegar verklagsreglur, lög og reglugerðir, og við að gefa út skýrslur sem eru viðeigandi hverju sinni.

Reglurnar og verkferlarnir eru byggðir á alþjóðlegum gæðastýringarstaðli (International Standard on Quality Control 1 – ISQC 1) sem settur hefur verið af International Auditing and Assurance Standards Board (IAASB) og á siðareglum sem settar hafa verið af alþjóðlegri nefnd um siðareglur endurskoðenda (International Ethics Standards Board for Accountants – IESBA). Þetta hvort tveggja á við um fyrirtæki sem veita endurskoðunarþjónustu og aðrar staðfestingar og tengda þjónustu.

KPMG ehf. hefur innleitt allar reglur og verkferla KPMG International og aðrar kröfur sem tilgreindar eru í lögum um endurskoðendur og öðrum lögum og reglum sem við eiga um starfsemina.

Reglur KPMG International fela í sér gæðastjórnunarbætti sem aðstoða starfsfólk okkar við að vinna af heilindum, hlutlægni og kostgæfni og við að fylgja viðeigandi lögum, reglugerðum og faglegum stöðlum. Breytingar á reglum um áhættu- og gæðamál eru tilkynntar aðildarfélögunum með tölvupósti og rafrænum fréttabréfum frá KPMG International. KPMG ehf. er skylt að innleiða slíkar breytingar og fylgst er með því í innra eftirliti.

KPMG lítur svo á að áhættu- og gæðastjórnun sé á ábyrgð sérhvers eiganda og starfsmanna félagsins. Eðlislægur þáttur í þessari ábyrgð er nauðsyn þess að skilja og fylgja af árvækni í störfum sínum reglunum og verkferlunum sem KPMG International setur og einnig reglum sem KPMG á Íslandi setur í samræmi við íslensk lög og reglur. Þó margir gæðastjórnunarferlar gildi um öll svið KPMG og eiga þar með einnig við um ráðgjafarvinnu, mun áherslan í kafla þessum hér á eftir vera á gæðastjórnun sem tengist endurskoðun.

Gæðarammi um endurskoðun (Audit Quality Framework)


Hjá KPMG snúast gæði í endurskoðun ekki bara um að komast að réttri niðurstöðu heldur einnig hvernig komist er að þeirri niðurstöðu. Gæðin snúast um verkferlana, hugsunina og heilindin á bak við álit endurskoðanda. Við lítum svo á að útkoma gæðaendurskoðunar sé afhending á viðeigandi og óháðu álitum sem samræmist endurskoðunarstöðlum. Í þessu felst fyrst og fremst að vera óháð og fara að viðkomandi lögum og faglegum kröfum.

Í því skyni að aðstoða alla starfsmenn sem vinna við endurskoðun að einbeita sér að grundvallar kunnáttu og hegðun sem nauðsynleg er til að komast að viðeigandi og óháðu álitum, notar KPMG International gæðaramma um endurskoðun (Audit Quality Framework). Þessi rammi setur fram sameiginleg viðmið sem öll aðildarfélög KPMG nota til að lýsa því hvað við teljum stýra gæðum við endurskoðun og draga fram hvað starfsmenn KPMG við endurskoðun leggja af mörkum við þá vinnu.

Gæðaramminn um endurskoðun dregur fram sjö þætti sem stýra gæðum við endurskoðun:

1. Menning og tónninn að ofan (e. tone at the top)
2. Tenging við réttu viðskiptavinina
3. Skýrir staðlar og öflugur endurskoðunarhugbúnaður
4. Ráðning, þróun og úthlutun verkefna til starfsmanna með viðeigandi þekkingu
5. Skuldbinding um að nýta bestu tækni og afhenda gæðaafurðir
6. Árangursrík og skilvirk endurskoðun
7. Skuldbinding um áframhaldandi framfarir

Tónninn að ofan er þungamiðja gæðarammans um endurskoðun en út frá henni liggja þeir þættir sem stýra gæðum í endurskoðun og aðstoða við að tryggja að rétt hegðun síist í gegnum allt net KPMG. Allir þættirnir eru hluti af ferli þar sem hverjum þætti er ætlað að styðja við hina. Sérhverjum hinna sjö þátta er lýst nánar hér á eftir.



Tónninn að ofan er þungamiðja gæðarammans um endurskoðun.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.1 Menning og tónninn að ofan

Menning KPMG International og aðildarféлага þess er studd af sterkum gildum, reglum og verkferlum og stuðlar að réttu viðhorfi og hegðun innan KPMG, sem byrjar á toppnum. Við stuðlum að menningu þar sem hvatt er til samráðs og er lítið á það sem styrk.

Tónninn að ofan þýðir að stjórnendur KPMG hafa skuldbundið sig til að vinna í samræmi við gæðakröfur, siðareglur og af heilindum og koma þeim skilaboðum á framfæri við viðskiptavinum, hagsmunaaðila og samfélagið.

Heilindi eru lykilatriði sem hagsmunaaðilar búast við og reiða sig á. Þau eru einnig lykilgildi KPMG, þ.e. „Allt sem við gerum endurspeglar heilindi.“ Í heilindum felst að stefna stöðugt að því að fara eftir ýrtruðu faglegu stöðlum, veita skynsama og góða ráðgjöf til viðskiptavina okkar og viðhalda stöðugt óhæði.

Gildi okkar voru fyrst skráð fyrir mörgum árum og eru fléttuð inn í verkferla okkar og vinnubrögð. Einstaklingar eru hvattir til að benda á og ræða áhyggjur sínar ef þeir verða varir við hegðun eða aðgerðir sem eru ekki í samræmi við gildi okkar eða faglegar skyldur. Gildin eru höfð í huga við frammistöðumat og framgang í starfi, þar á meðal við inntöku hluthafa.

Siðareglur

Siðareglur KPMG International (Code of Conduct) innihalda gildi okkar og skilgreina þau siðferðislegu viðmið sem krafist er af starfsfólki KPMG.

Settar eru fram meginreglur um siðferði okkar sem hjálpar hluthöfum og starfsmönnum félagsins að skilja og fara eftir þessum meginreglum. Að auki leggja siðareglurnar áherslu á að sérhver hluthafi og starfsmaður sé persónulega ábyrgur fyrir því að fara að þeim lögum og faglegu og siðferðilegu stöðlum sem gilda um viðkomandi starf og ábyrgðarsvið. Í siðareglunum er kveðið á um að starfsmenn:

- fari að viðkomandi lögum, reglugerðum og starfsreglum KPMG,
- tilkynni um ólöglegar gerðir, hvort sem er af hálfu starfsmanna, viðskiptavina eða annarra þriðju aðila,
- tilkynni um brot á áhættureglum,
- virði ýtrasta trúnað um málefni viðskiptavina og
- bjóði ekki, lofi, sækist eftir eða taki við mútum, hvort sem er beint eða í gegnum millilið.

Að auki er [KPMG International hotline](#) leið fyrir hluthafa KPMG, starfsmenn, viðskiptavinum og aðra aðila til að koma á framfæri í trúnaði ábendingum eða athugasemdum vegna athafna KPMG International, starfsmanna þess eða stjórnenda hjá aðildarfélagi KPMG.

Gildin eru svohljóðandi:

Við erum góð fyrirmynd – á öllum stigum og komum fram með þeim hætti sem sýnir glöggð hverju við búumst við hvert af öðru og af viðskiptavinum okkar.

Við vinnum saman – og náum fram því besta hvert hjá öðru og sköpum sterkt og árangursríkt vinnuumhverfi.

Við virðum hvert annað – virðum einstaklinga eins og þeir eru og virðum þekkingu þeirra, hæfileika og reynslu sem einstaklingar og meðlimir endurskoðunar- eða ráðgjafarteymis.

Við kryfjum málin til mergjar – véfengjum ályktanir, leitum staðreynda og styrkjum orðspor okkar sem traustir og óhlutdrægir viðskiptaráðgjafar.

Við erum opin og einlæg í samskiptum – skiptumst reglulega á upplýsingum, innsýn og ráðum og tökumst á við erfiðar aðstæður af hugrekki og hreinskilni.

Við erum ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar – við komum fram sem ábyrgir meðlimir viðskiptalífsins og eflum kunnáttu okkar, reynslu og yfirsýn í gegnum störf okkar í samfélaginu.

Allt sem við gerum endurspeglar heilindi – við stefnum ætíð að því að fylgja ströngustu faglegu kröfum, veita áreiðanlega ráðgjöf og viðhalda óhæði okkar af nákvæmni.

Ábyrgð stjórnenda á gæðum og áhættustýringu

Stjórnendur KPMG ehf. gegna lykilstöðu í að setja rétta tóninn og sýna gott fordæmi að því er varðar gæðamál. Stjórnendateymið leggur mikla áherslu á að viðhalda menningu sem byggir á gæðum, heilindum og siðferði og sýnir það í verki bæði skriflega og á fundum með starfsmönnum, sem og í vinnu með verkefnateymum.

Eftirfarandi bera ábyrgð á gæðamálum og áhættustjórnun hjá félaginu:

Framkvæmdastjóri

Í samræmi við meginreglur ISQC 1 ber framkvæmdastjóri félagsins meginábyrgð á gæðastjórnunarkerfi félagsins.

Risk Management Partner

Dagleg stýring gæðamála og áhættustýringar er á herðum Risk Management Partner (RMP), sem ber ábyrgð á að innleiða reglur um gæða- og áhættumál og hafa eftirlit með að eftir þeim sé farið. RMP fundar reglulega með framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og sviðsstjórum félagsins. RMP hefur sér til aðstoðar gæðastjóra (Quality Performance Lead Partner – QPLP) og sérfræðinga með ýmiskonar menntun og reynslu.

Sviðsstjórar

Fjórir sviðsstjórar fagsviða (endurskoðunarsvið, uppgjör- og bókhaldssvið, ráðgjafarsvið og skatta- og lögfræðisvið) bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra á því að þjónusta á þeirra sviðum sé í samræmi við gæðakröfur. Þeim ber að sjá til þess að farið sé að þeim reglum sem settar hafa verið og að skýrt sé gagnvart starfsmönnum að þeir beri ábyrgð á gæðamálum í sínum verkefnum.

Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs ber ábyrgð á að leiða svið sem ætlað er að veita endurskoðunarþjónustu í háum gæðaflokki. Í því felst að:

- setja réttan tón á toppnum með því að sýna staðfasta skuldbindingu við að fylgja stöðlum um fagleg störf, þar á meðal um efaþyggju, hlutlagi og óhæði,
- þróa og innleiða áætlanir til að fylgjast með og viðhalda þekkingu og hæfni sem krafist er af hluthöfum og starfsmönnum svo þeir geti uppfyllt faglegar skyldur sínar og
- vinna með RMP að því að takast á við gæði í endurskoðun og áhættumál að því leyti sem þau varða endurskoðunarsviðið, þar á meðal árlegt mat á aðgerðum sem ætlað er að vera lykilatriði við gæðaendurskoðun.

Sérfræðiteymi í endurskoðun

Innan endurskoðunarsviðsins starfar sérfræðihópur (e. Department of Professional Practice). Skilgreind hafa verið hlutverk varðandi ýmsa þætti endurskoðunar og geta hluthafar og aðrir starfsmenn leitað til þeirra einstaklinga með málefni sem upp koma.

Einnig eru reglulega gefin út fréttabréf sem dreift er til starfsmanna og haldin námskeið eftir þörfum. Ef um stærri og flóknari mál er að ræða er unnt að leita ráðgjafar hjá KPMG International.

4.2 Tenging við réttu viðskiptavinina

4.2.1 Samþykki og endurmat viðskiptavina og verkefna

Mikilvægur þáttur í því að veita faglega þjónustu í háum gæðaflokki, vernda orðspor og vörumerki KPMG er að fara eftir ströngum reglum um mat á viðskiptavinum og verkefnum og reglulegt endurmat á þeim.

Í samræmi við þetta hefur KPMG International sett reglur og verkferla sem öllum aðildarfélögum ber að fara eftir við töku ákvörðunar um hvort samþykka eigi eða halda áfram tengslum við viðskiptavin og hvort vinna eigi tiltekin verkefni fyrir þann viðskiptavin.

4.2.2 Verkferlar við mat á væntanlegum viðskiptavini og verkefni

Áður en nýr viðskiptavinur er samþykktur fer fram áhættumat á honum. Í því felst mat á rekstri væntanlegs viðskiptavinar, stjórnarháttum og öðrum þjónustutengdum atriðum. Einnig er skoðaður bakgrunnur væntanlegs viðskiptavinar, lykilstjórnenda og stórra eigenda. Lykilatriðið er að skoða heilindi stjórnenda væntanlegs viðskiptavinar og tekur matið m.a. tillit til hugsanlegra brota á lögum og reglum, spillingar- og mútumála, mannréttindamála o.fl. Tveir hluthafar koma að því að samþykka nýjan viðskiptavin og ef viðskiptavinur er metinn með mikla áhættu þarf að fá samþykki Risk Management Partner. Jafnframt er Risk Management Partner tilnefndur sem ábyrgðarmaður á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.2.2 Verkerlar við mat á væntanlegum viðskiptavin og verkefni (frh.)

Sá hluthafi sem ber ábyrgð á verkefni skal leggja mat á verkefnið og er það að jafnaði gert á sama tíma og matið á viðskiptavininum fer fram, einkum þegar um er að ræða endurskoðunarverkefni. Matið á að greina mögulegar áhættur sem tengdar geta verið verkefninu. Horft er til fjölmargra þátta við matið, þar á meðal mögulegs óhæðis og hagsmunaárekstra, en í því samhengi notar KPMG á heimsvísu rafrænt kerfi um samþykki verkefna (Sentinel™). Einnig eru skoðuð atriði sem tengjast sérstaklega tegund verkefnis, þar á meðal vegna endurskoðunarverkefna, s.s. hæfni fjármálateymis viðskiptavinarins og kunnátta og reynsla starfsmanna sem myndu þjónusta viðskiptavininn. Matið er framkvæmt í samráði við aðra reynda aðila og í samráði við áhættustýringu félagsins eftir því sem við á.

Þegar veita á endurskoðunarþjónustu í fyrsta skipti ber væntanlegum endurskoðanda að framkvæma viðbótathuganir varðandi óhæði, þar á meðal yfirferð á hvort viðskiptavininum hafi verið veitt önnur þjónusta en endurskoðun og hvort um geti verið að ræða önnur tengsl.

Sambærilegt mat er framkvæmt þegar núverandi viðskiptavinur verður eining tengd almannahagsmunum eða viðbótarkröfur um óhæði gilda varðandi breytingar á stöðu viðskiptavinarins.

Við fylgjum tilgreindum verkferlum (sjá nánar kafla 4.3.2.7) í því skyni að greina og meta ógnanir við óhæði vegna væntanlegra viðskiptavina í endurskoðun sem eru einingar tengdar almannahagsmunum.

Þörf getur verið á tilteknum varúðarráðstöfunum í því skyni að draga úr áhættu sem greind hefur verið, en það veltur á heildarmati á væntanlegum viðskiptavin og verkefni. Öll atriði sem varða möguleg óhæðismál eða hagsmunaárekstra eru skrásett og leyst úr þeim áður en samþykki er veitt.

Væntanlegum viðskiptavin eða verkefni er hafnað ef fyrir hendi eru óhæðismál eða hagsmunaárekstrar sem ekki er unnt að leysa úr með fullnægjandi hætti samkvæmt faglegum stöðlum og reglum félagsins eða ef um er að ræða önnur gæða- eða áhættumál sem ekki er hægt að draga úr með viðeigandi hætti.

4.2.3 Áframhaldandi verkefni

KPMG endurmetur árlega alla viðskiptavini sína sem eru í endurskoðun. Að auki eru viðskiptavinir endurmetnir ef fram hafa komið vísbendingar um að breyta þurfi áhættumati þeirra. Önnur verkefni en endurskoðun eru einnig endurmetin með reglubundnum hætti.

Endurmat þetta þjónar tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi munum við ekki vinna áfram fyrir viðskiptavin sem við teljum ekki viðeigandi að vera áfram tengd við. Í öðru lagi, og er sú ástæða algengari, notum við endurmatsferilinn til að skoða hvort fyrir hendi geti verið viðbótar gæða- eða áhættuþættir sem fjalla þarf um og leysa úr áður en við getum haldið áfram með verkefni fyrir viðskiptavininn. Hluti af því getur verið að bæta samtímagæðaeftirliti við verkefnið eða tilteknum sérfræðingum í endurskoðun.

4.2.4 Slit viðskiptasambands

Ef við fáum upplýsingar sem gefa til kynna að við ættum að segja okkur frá verkefni eða sambandi við viðskiptavin höfum við um það samráð innanhúss og greinum möguleg skref sem taka þarf samkvæmt lögum eða reglugerðum. Við höfum einnig samráð eftir því sem við á við stjórnendur viðskiptavinarins og önnur viðeigandi yfirvöld.

4.2.5 Skipulagning tengsla við viðskiptavin

Stjórnendur okkar tilnefna hluthafa sem ábyrgð bera á verkefnum sem hafa viðeigandi hæfni, getu, tíma og umboð til að leysa verkefnið af hendi.

4.3 Skýrir staðlar og öflugur endurskoðunar-hugbúnaður

Gerð er krafa um að allir starfsmenn okkar fylgi reglum og verkferlum KPMG International og KPMG ehf., þar á meðal um óhæði, og hafa þeir fengið fræðslu, leiðbeiningar og aðgang að hugbúnaði til að styðja þá í að mæta þeim væntingum. Reglur og verkferlar sem gilda um endurskoðunarverkefni fela í sér viðeigandi reglur sem gilda um reikningsskil, endurskoðun, siðferði og gæðastaðla, sem og önnur lög og reglugerðir, þar á meðal lög um endurskoðendur nr. 79/2008.

4.3.1 Aðferðafræði við endurskoðun og hugbúnaður

Töluverðir starfskraftar eru nýttir í að sjá til þess að staðlar okkar og hugbúnaður séu fullnægjandi og í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma. Alþjóðleg aðferðafræði KPMG International við endurskoðun, sem þróuð er af Global Service Centre, byggir á kröfum sem fram koma í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Aðferðafræðin kemur fram í endurskoðunarhandbók KPMG (KPMG International's Audit Methodology eða KAM) og inniheldur viðbótarkröfur sem ganga lengra en alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, sem KPMG International telur að auki gæði endurskoðunar. Aðildarfélögin geta bætt við sérreglum sem gilda á hverjum stað og/eða leiðbeiningum í því skyni að uppfylla viðbótarkröfur sem kunna að vera gerðar í lögum, reglugerðum eða faglegum stöðlum.

Aðferðafræði okkar við endurskoðun er studd af eAudit, sem er endurskoðunarhugbúnaður KPMG International, og inniheldur sá hugbúnaður aðferðafræði, leiðbeiningar og þekkingu tengda atvinnugreinum í því skyni að endurskoðendur KPMG geti framkvæmt endurskoðun í háum gæðaflokki.

Verkerlar eAudit gera verkefnateymum kleift að fá viðeigandi upplýsingar á réttum tíma og vinna verkefnið í rétttri röð og þannig auka á skilvirkni og árangur og afhenda verðmætar afurðir til hagsmunaaðila. Lykilþættir í verkferlum eAudit eru:

Skiplagning verkefnis

- Samþykki verkefnis og umfang ákvarðað.
- Ákvörðun um verkefnisteymi og tímaáætlun.

Áhættumat

- Skilningur á viðskiptavininum.
- Áætlun um aðkomu innri og ytri sérfræðinga, innri endurskoðun, þjónustuaðila og aðra endurskoðendur miðað við viðeigandi kröfur.
- Meta hönnun og innleiðingu viðeigandi eftirlitsþátta.
- Framkvæma áhættumat og ræða skipulag endurskoðunar. Ákvarða nálgun við endurskoðunina og skipulagningu hennar.

Prófanir

- Prófa virkni valinna eftirlitsþátta.
- Skipuleggja og framkvæma gagnaendurskoðunaraðgerðir.

Lok

- Uppfæra áhættumat.
- Framkvæma lokaaðgerðir, þar á meðal heildarskoðun ársreiknings.
- Leggja mat á niðurstöður endurskoðunarinnar í heild.
- Samskipti við stjórnendur og/eða endurskoðunarnefnd.
- Semja álit endurskoðanda.

KAM inniheldur dæmi og leiðbeiningar, m.a. um aðgerðir sem ætlað er að greina og meta hættuna á verulegum skekkjum og aðgerðir til að bregðast við slíkum áhættum. Aðferðafræði KPMG hvetur endurskoðunarteymi til að beita faglegri efahyggju að öllu leyti við undirbúning og framkvæmd endurskoðunar.

Aðferðafræði okkar hvetur til þess að sérfræðingar verði kallaðir til þegar það á við og gerir einnig kröfur um að viðeigandi sérfræðingar verði hluti af endurskoðunarteymi þegar tilteknum viðmiðum er náð eða þegar endurskoðunarteymi telur það viðeigandi eða nauðsynlegt.

KAM inniheldur aðgerðir sem tengjast gæðaeftirliti við framkvæmd verkefnis sem styður við þá vissu að verkefnið uppfylli viðeigandi kröfur samkvæmt faglegum stöðlum, lögum, reglugerðum og kröfum KPMG International.

Reglur og ferlar sem fram koma í KAM eiga við um endurskoðun og eru til stuðnings við reglur og ferla sem fram koma í Global Quality & Risk Management Manual sem gildir fyrir öll aðildarfélög KPMG, svið og starfsmenn.

4.3.2 Óhæði, heilindi, siðferði og hlutlægni

4.3.2.1 Yfirlit

KPMG International hefur sett ítarlegar reglur og verkferla um óhæði sem byggja á alþjóðlegum siðareglum endurskoðenda (IESBA Code of Ethics). Koma þessar reglur og verkferlar fram í KPMG Global Quality & Risk Management Manual. Hugbúnaður aðstoðar við að uppfylla þær kröfur. Einnig fylgir félagið öðrum viðeigandi reglum sem fram koma í íslenskum siðareglum endurskoðenda, lögum og reglum.

Reglurnar og verkferlarnir ná m.a. til óhæðis félagsins og starfsmanna, fjárhagslegra tengsla félagsins, tengsla við fyrrum starfsmenn, starfstíma endurskoðenda og samþykkis endurskoðunarverkefna og og annarra verkefna en endurskoðunar.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

Í því skyni að tryggja að unnið sé í samræmi við siðferðiskröfur, þar á meðal varðandi heilindi og óhæði, gerir KPMG International þá kröfu að sérhvert aðildarfélag og starfsmenn þess eigi ekki óheimila fjárhagslega hagsmuni eða tengsl við viðskiptavinum í endurskoðun, stjórnendur þeirra og stóra eigendur.

Hjá KPMG ehf. er tilnefndur Ethics and Independence Partner (EIP) sem hefur það meginhlutverk að sjá til þess að reglum og verkferlum um siðferði og óhæði sé fylgt. EIP sækir eftir þörfum aðstoð til Global Independence Group sem skipað er sérfræðingum sem ætlað er að styðja við innleiðingu á óhæðisreglum, verkferlum og hugbúnaði.

Verði breytingar á reglum KPMG International um siðferði og óhæði eru tilkynningar um það sendar með tölvupósti og í reglubundum fréttabréfum um áhættumál. Aðildarfélögum ber að innleiða þær breytingar sem tilgreindar eru og er það yfirfarið við innra eftirlit sem lýst er nánar í kafla 4.7.1.

Starfsmönnum KPMG ber að hafa samráð við EIP um tiltekin mál sem tilgreind eru í Global Quality & Risk Management Manual.

Starfsmönnum KPMG ber að hafa samráð við EIP um tiltekin mál sem tilgreind eru í Global Quality & Risk Management Manual.

Ef starfsmenn fylgja ekki reglum um óhæði getur komið til þess að agareglum félagsins verði beitt. Horft er til slíkra mála sem koma upp þegar farið er yfir framgang í starfi, starfskjör og frammistöðu í starfi.

Agareglurnar eru aðgengilegar öllum starfsmönnum og ná m.a. til brota á óhæðisreglum og hvernig bregðast skuli við þeim eftir alvarleika brota.

4.3.2.2 Fjárhagslegir hagsmunir starfsmanna

Reglur KPMG International gera ráð fyrir að kröfur alþjóðlegra reglna um hömlur á eignarhaldi í verðbréfum viðskiptavina í endurskoðun ná til allra hluthafa í KPMG að því er varðar viðskiptavinum í endurskoðun hjá öllum aðildarfélögum.

Aðildarfélög og starfsmenn skulu ekki eiga óheimila fjárhagslega hagsmuni eða tengsl við viðskiptavinum KPMG í endurskoðun, stjórnendur þeirra og stóra eigendur.

Starfsmenn KPMG bera ábyrgð á að leita viðeigandi upplýsinga og grípa til aðgerða þegar tilefni er til svo tryggt verði að þeir eða fjölskylda þeirra eigi ekki persónulega fjárhagslega eða viðskiptalega hagsmuni sem kunna að vera óheimilir í tengslum við óhæði.

Ásamt öðrum aðildarfélögum KPMG International notum við rafrænt óhæðiskerfi (KICS) til að aðstoða starfsmenn við að fylgja reglum sem tengjast persónulegum fjárfestingum. Í þessu kerfi er að finna upplýsingar um skráningar hlutabréfa á opinberum mörkuðum.

Hluthafar og verkstjórar skulu fara í KICS áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu til að skoða hvort fjárfestingin sé heimil. Þeim ber einnig að viðhalda lista yfir fjárfestingar sínar í KICS sem lætur sjálfkrafa vita ef fjárfesting verður síðar óheimil og ber þeim að losa sig við þá fjárfestingu innan fimm virkra daga frá tilkynningunni. Við fylgjumst með að viðkomandi starfsmenn fari að þessum kröfum í tengslum við árlega úttekt okkar á fylgni við óhæðisreglur.

4.3.2.3 Starfatengsl

Allir starfsmenn sem veita viðskiptavinum í endurskoðun þjónustu, óháð því á hvaða sviði þeir starfa, skulu tilkynna EIP ef þeir hyggjast ganga til samningaviðræðna um starf hjá þeim viðskiptavinum í endurskoðun. Regla þessi gildir einnig um alla hluthafa sem hyggjast ganga til samningaviðræðna um starf hjá viðskiptavinum einhvers KPMG aðildarfélags sem er eining tengd almannahagsmunum.

Fyrrum meðlimir endurskoðunarteymis eða fyrrum hluthafar í aðildarfélagi geta ekki gengið til liðs við viðskiptavinum í endurskoðun til að sinna tilteknum störfum nema þeir hafi áður gengið frá öllum fjárhagslegum tengslum við KPMG og taka ekki lengur þátt í verkefnum á vegum KPMG.

Sérreglur gilda um endurskoðendur og stjórnendur hjá KPMG ef þeir hyggjast ganga til liðs við viðskiptavinum í endurskoðun sem er eining tengd almannahagsmunum. Í reglunum er gert ráð fyrir að tiltekinn tími skuli líða þangað til þeim er heimilt að hefja störf hjá þeim viðskiptavinum.

Við miðlum upplýsingum um þessar kröfur og fylgjumst með því hvernig þeim er framfylgt þegar um er að ræða að starfsmenn KPMG hyggist hefja störf hjá viðskiptavinum í endurskoðun.

4.3.2.4 Fjárhagsleg tengsl félagsins

KPMG ehf. notar einnig KICS til að skrásetja fjárfestingar sínar í einingum sem skráðar eru á markaði, beinar og óbeinar fjárfestingar sem tengjast lífeyrismálum og öðrum kjörum starfsmanna ef um slíkt er að ræða. Ennfremur ber okkur að skrá öll lán, fjármálagerninga og bundna reikninga þar sem eignir félagsins eru geymdar.

Árlega staðfestir KPMG ehf. fylgni við óhæðiskröfur í Risk Compliance Program.

4.3.2.5 Viðskiptatengsl/birgjar

KPMG er með reglur og verkferla sem ætlað er að tryggja að viðskiptatengsl félagsins séu í samræmi við allar viðeigandi óhæðiskröfur. Lagt er mat á hvort viðkomandi viðskipti geti haft áhrif á óhæði félagsins og ef þörf er á er gripið til viðeigandi varúðarráðstafana eða hætt við viðskipti.

4.3.2.6 Fjárfestingar og kaup á rekstri

Ef KPMG ehf. hyggst ráðast í fjárfestingu eða kaup á rekstri ber félaginu að framkvæma tiltekna aðgerðir til að kanna áreiðanleika væntanlegra viðskipta. Ber jafnframt að leggja mat á mögulegar áhættur, s.s. varðandi óhæði, áður en gengið er frá slíkum viðskiptum. Beitt er tilteknum aðferðum til að tryggja að reglur KPMG gildi um viðkomandi viðbótarrekstur eða verkefni.

4.3.2.7 Óhæðisathuganir

KPMG fylgir tilteknum verkferlum sem ætlað er að greina og meta ógnanir við óhæði í tengslum við væntanlega viðskiptavinum í endurskoðun sem eru einingar tengdar almannahagsmunum. Fylgja skal þeim verkferlum og ljúka viðeigandi athugunum áður en samþykkt er að endurskoða slík félög.

KPMG International hefur innleitt hugbúnað (KPMG Independence Checkpoint) til að gera ferilinn sjálfvirkur og staðlaðan. Ástæðan fyrir innleiðingu þessa hugbúnaðar er einkum að vænta má aukins fjölda útboða í endurskoðun hjá félögum sem hafa tengsl við mörg lönd. Er það ein afleiðing af innleiðingu reglna sem settar voru af Evrópusambandinu.

4.3.2.8 Þjálfun og staðfestingar tengdar óhæðismálum

KPMG heldur árlega óhæðisnámskeið fyrir alla hluthafa og starfsmenn sem veita viðskiptavinum þjónustu og eru námskeiðin sniðin að starfssviði og stöðu starfsmanna. Nýir starfsmenn skulu ljúka slíkri þjálfun innan 30 daga frá því þeir hefja störf hjá KPMG eða áður en þeir veita viðskiptavinum í endurskoðun sem er skráð félag á bandarískum verðbréfamarkaði (SEC félag) þjónustu, hvort sem fyrr gerist.

Einnig fá starfsmenn annað hvert ár þjálfun varðandi starfs- og siðareglur, þar á meðal um reglur KPMG varðandi mútur, fylgni við lög, reglur og faglega staðla, og skyldu til að tilkynna um brot á lögum, reglum, faglegum stöðlum eða reglum KPMG. Nýir starfsmenn skulu ljúka slíkri þjálfun innan þriggja mánaða frá því þeir hefja störf hjá KPMG.

Samhliða undirritun starfssamnings skulu nýir starfsmenn staðfesta að þeir uppfylli og muni fylgja öllum viðeigandi reglum og kröfum um óhæði og siðferði. Síðan ber öllum starfsmönnum árlega að staðfesta að þeir hafi undanfarið ár starfað í samræmi við viðkomandi reglur og kröfur um óhæði og siðferði.

Að auki ber starfsmönnum að staðfesta á sama tíma að þeir skilji og vinni í samræmi við starfsreglur KPMG. Er sú staðfesting skráning á fylgni við og skilningi á óhæðisreglum okkar. Einnig þurfa starfsmenn í endurskoðun að staðfesta óhæði við upphaf hvers verkefni.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.3.2.9 Önnur þjónusta en endurskoðun

Við erum með reglur sem eru í samræmi við alþjóðlegar kröfur, lög og reglur sem fjalla um hvaða vinnu megi inna af hendi fyrir viðskiptavinum í endurskoðun.

Við erum með skilgreinda ferla um hvernig ný eða breytt þjónusta er samþykkt sem þróuð hefur verið af KPMG ehf. eða innleidd frá öðru aðildarfélagi. EIP tekur þátt í að meta möguleg áhrif á óhæði og leita skal til Global Independence Group ef um er að ræða þjónustu sem ætlað er að nýta hjá öðrum aðildarfélögum.

Rafrænt kerfi KPMG, Sentinel™, er hannað til að greina mögulega hagsmunaárekstra og styður við fylgni við framangreindar reglur. Upplýsingar um öll væntanleg verkefni, þar á meðal lýsing á þjónustu og væntanleg þóknun, er færð inn í Sentinel™ og er það hluti af verkferli um samþykki verkefna. Þeir sem bera ábyrgð á endurskoðun samstæðu skráðra félaga og tiltekinn annarra félaga skulu viðhalda upplýsingum um skipulag samstæðunnar í kerfinu í því skyni að koma auga á og meta mögulegar ógnanir við óhæði sem komið geta til við að veita viðskiptavinum í endurskoðun aðra þjónustu en endurskoðun og varúðarráðstafanir sem mögulegar eru til að draga úr þeim ógnunum. Kerfið gerir þeim ábyrgðaraðilum kleift að skilgreina samþykkisferil, sem felur í sér möguleikann á að samþykkja eða hafna öðrum verkefnum en endurskoðun fyrir þessi félög, hvar sem er í heiminum.

4.3.2.10 Þóknunir

Reglur KPMG International tilgreina að ógnun við óhæði getur komið til í tengslum við eigin hagsmuni eða þvingun ef heildarþóknun frá viðskiptavinum í endurskoðun er stór hluti af heildartekjum félagsins. Reglurnar gera sérstaklega ráð fyrir að ef heildarþóknun frá einingu tengdri almannahagsmunum sem er viðskiptavinur í endurskoðun og tengdum aðilum fari yfir 10% af heildartekjum KPMG félags tvö ár í röð, hafi það eftirfarandi áhrif: Upplýsa skal stjórnendur hjá viðskiptavininum um þessa stöðu og tilnefna þarf reyndan hluthafa frá öðru KPMG félagi sem gæðaeftirlitsaðila á verkefninu (Engagement Quality Control Reviewer).

Tekjur KPMG ehf. frá viðskiptavinum í endurskoðun voru í engum tilvikum umfram 10% af heildartekjum félagsins á síðastliðnum tveimur árum.

4.3.2.11 Hagsmunaárekstrar

Um hagsmunaárekstra getur verið að ræða ef starfsmenn KPMG eiga í slíkum persónulegum tengslum við viðskiptavinum að það geti haft áhrif á eða virst hafa áhrif á getu þeirra til að vera hlutlægir í störfum sínum eða ef þeir búa persónulega yfir trúnaðarupplýsingum sem tengjast öðrum aðila að viðskiptum. Hafa skal samráð við Risk Management Partner í slíkum tilvikum.

Öll aðildarfélög KPMG og starfsmenn bera ábyrgð á að greina og stýra hagsmunaárekstrum. Hagsmunaárekstrar eru atburðir eða aðstæður sem upplýstur og skynsamur utanaðkomandi aðili telur eða getur talið að hafi áhrif á möguleika aðildarfélags eða starfsmanna þess á að vera hlutlægir í störfum sínum.

Öll KPMG aðildarfélög nota Sentinel™ til að greina mögulega hagsmunaárekstra og takast þau síðan á við þá í samræmi við lög og faglegar kröfur.

Það kann að vera nauðsynlegt að beita tilteknum aðgerðum til að stýra áhættu tengdri mögulegum hagsmunaárekstrum til að tryggja að gætt sé að trúnaði um málefni viðskiptavina. Slíkar aðgerðir geta t.d. verið að aðgreina verkefnateymi sem vinna fyrir viðskiptavinum og viðhafa eftirlit með því að slíkri aðgreiningu sé viðhaldið.

Fyrir hendi eru leiðir til að skjóta málum til viðeigandi aðila innan KPMG til að leysa úr mögulegum ágreiningi um hvernig stýra skuli áhættu tengdri hagsmunaárekstrum. Ef ekki er unnt að stýra slíkri áhættu er verkefni hætt eða því hafnað.

4.3.2.12 Brot á óhæðisreglum

Öllum starfsmönnum KPMG ber að tilkynna um brot á óhæðisreglum þegar þeir verða þess varir. Agareglur félagsins fjalla um viðbrögð félagsins ef óhæðisreglum er ekki fylgt. Agareglur félagsins eru skriflegar og aðgengilegar öllum starfsmönnum. Í þeim er að finna viðbrögð við brotum á reglunum og endurspegla viðbrögðin alvarleika brotanna. Öll brot varðandi óhæði endurskoðanda skal tilkynna til stjórnenda viðskiptavinarins í endurskoðun samkvæmt fyrirfram skilgreindu ferli.

Slík málefni hafa áhrif á framgang í starfi og ákvarðanir um starfskjör og hafa áhrif á gæða- og áhættuframmistöðu viðkomandi hluthafa og verkstjóra í verkefnum.

4.3.2.13 Fylgni við lög, reglugerðir og reglur um mútur og spillingu

Fylgni við lög, reglugerðir og staðla er lykilatriði fyrir alla starfsmenn KPMG. Tekið er sérstaklega fram að KPMG hefur ekkert umburðarlyndi gagnvart mútum og spillingu. Við bönnum þátttöku í hvaða tegund af mútum sem er, jafnvel þó slíkt væri að einhverju leyti löglegt samkvæmt landslögum. Við höfum heldur ekki neitt umburðarlyndi hvað varðar mútur af hálfu þriðja aðila, þar á meðal viðskiptavina okkar, birgja eða opinberra aðila.

Í samræmi við þetta skulu allir starfsmenn KPMG ljúka námskeiði annað hvert ár um fylgni við lög, reglur og faglega staðla, sem og starfsreglur KPMG. Nýir starfsmenn skulu ljúka slíkri fræðslu innan þriggja mánaða frá því þeir hófu störf. Ekki er í þessu samhengi gerður greinarmunur á starfsmönnum sem sinna þjónustu við viðskiptavinum og öðrum starfsmönnum félagsins.

Frekari upplýsingar um stefnu KPMG International um mútur og spillingu er að finna á vefsíðu um málefnið: [anti-bribery and corruption site](#)

4.3.2.14 Starfstími endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækja

Starfstími endurskoðanda

Reglur KPMG International um starfstíma eru í samræmi við alþjóðlegar reglur IESBA og gera aðildarfyrtækjum skylt að fylgja strangari kröfum um starfstíma sem fyrir hendi kunna að vera.

Endurskoðendur hjá KPMG ehf. fylgja þeim reglum um starfstíma sem tilgreindar eru í 20. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, öðrum lögum og reglum KPMG International. Þessar reglur setja tímamörk á hve lengi endurskoðendur geta starfað við endurskoðun, sinnt gæðaeftirliti í endurskoðun eða á annan hátt getað haft áhrif á niðurstöðu endurskoðunarinnar.

Félagið heldur skrá yfir endurskoðendur og verkefni þeirra í því skyni að fylgjast með að reglum um starfstíma sé framfylgt. Skrá þessi gefur einnig félaginu og endurskoðendum tækifæri til að bregðast tímanlega við og skipuleggja framhald vinnu fyrir viðskiptavininn. Skrá þessi og framkvæmd reglna um starfstíma endurskoðanda sæta gæðaeftirliti innan fyrtækisins.

Starfstími endurskoðunarfyrtækja

Sérreglur gilda um starfstíma endurskoðanda hjá fjármálafyrtækjum og váttryggingafélögum. Í 2. mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrtækis nr. 161/2002, sbr. 48. gr. laga nr. 75/2010, segir að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis skuli kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma lauk. Gert er ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði um fimm ára starfstíma geti fjármálafyrtækis vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu álitum endurskoðendaráðs. Sambærileg ákvæði eru í 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.4 Ráðning, þróun og úthlutun verkefna til starfsmanna með viðeigandi þekkingu

Ein lykilsenda fyrir gæðum er að tryggja að starfsmenn KPMG hafi kunnáttu og reynslu til að inna verk af hendi í samræmi við stefnu KPMG. Þetta krefst þess að vandað sé til ráðninga, framgangs í starfi, að haldið sé í sérfræðinga og vandaðrar starfsmannastefnu. KPMG International hefur sett viðmiðanir um framferði starfsmanna (Global Behaviors) sem tengdar eru gildum KPMG og er þeim ætlað að aðstoða við að ná árangri, bæði hjá starfsmanninum persónulega og sameiginlega. Eitt af framangreindum viðmiðum er að afhenda gæði.

4.4.1 Ráðningar

Allir umsækjendur afhenda umsókn og fara í gegnum viðeigandi valferli sem getur t.d. falið í sér bakgrunnsathuganir, viðtöl, hæfnismat og samtöl við meðmælendur.

Stefna okkar er að ráða inn nýliða með fjölbreyttan bakgrunn, bæði hvað varðar menntun og reynslu.

4.4.2 Starfsþróun

Mikilvægt er að allir sérfræðingar okkar búi yfir nauðsynlegri fagþekkingu og forystuhæfileikum svo þeir geti veitt gæðabjónustu jafnframt því að búa yfir viðeigandi tækniþekkingu.

Að því er endurskoðun varðar fá starfsmenn tækifæri til að þróa þekkingu sína, verklag og persónulega hæfni sem er grunnurinn að árangursríkum ferli í endurskoðun. Boðið er upp á námskeið til að auka skilvirkni og þróa tæknilega þekkingu, leiðtogaþæfni og viðskiptalega þekkingu.

Starfsmenn KPMG fá auk þess frekari þjálfun með leiðbeinendum í verkefnum, þátttöku í verkefnum þvert á svið og möguleika á að starfa tímabundið hjá KPMG félögum í öðrum löndum.

4.4.3 Fjölbreytni

KPMG ehf. gætir að jafnrétti kynjanna og leitast við að endurspegla þá menningu sem ríkir í samfélaginu. Er það til þess fallið að gera okkur kleift að setja saman verkefnateymi með breiða þekkingu, reynslu og sjónarmið.

Jafnréttis er einnig gætt við stjórnun félagsins. Í stjórn félagsins eru þrír karlar og tvær konur. Framkvæmdastjóri félagsins er karl en þrír af fjórum sviðsstjórum eru konur.

4.4.4 Starfsmat, starfskjör og framgangur

Starfsmenn KPMG, þar á meðal hluthafar, setja sér árlega markmið og einnig er gert frammistöðumat. Starfsmaður er metinn miðað við samþykkt markmið, hvort unnið sé í samræmi við viðmið KPMG, tæknilega og faglega þekkingu. Hluthafar og tilteknir sérfræðingar eru einnig metnir með hliðsjón af því hvernig þeir uppfylla gæða- og áhættukröfur. Mat þetta er framkvæmt af aðilum sem hafa þekkingu og stöðu til þess að framkvæma slíkt mat.

Við erum með viðmiðanir um starfskjör og framgang sem eru skýrar, einfaldar og tengdar við frammistöðumat og varðandi hluthafa eru þær tengdar við gæði í endurskoðun og hvernig þeir eru að uppfylla þær kröfur. Þetta stuðlar að því að hluthafar okkar og starfsmenn vita til hvers er ætlast af þeim og við hverju þeir geti búist.

Frammistaða varðandi gæðamál og fylgni við reglur hefur áhrif á úthlutun verkefna til hluthafa og einnig á frammistöðumat þeirra, framgang og kjör.

Reglur KPMG kveða á um að óheimilt sé að ákvarða endurskoðanda sérstaka þóknun byggða á því hve vel þeim gengur að selja viðskiptavin í endurskoðun aðra þjónustu en endurskoðun.

KPMG gætir jafnréttis við launaákvörðanir og starfskjör hjá félaginu taka mið af verðmæti starfa óháð því hverjir gegna þeim. KPMG fer eftir lögum í öllum ákvörðunum um launakjör og þau viðmið sem liggja til grundvallar ákvörðun launa eru málefnaleg. KPMG fylgist með og rýnir launakerfið með reglubundnum hætti og gerir þær útbætur sem þarf til að fylgja eftir jafnlaunastefnunni. KPMG sótti um jafnlaunavottun til VR árið 2013 og tvisvar á ári gerir British Standard Institution (BSI) úttekt á jafnlaunastefnunni og framkvæmir launagreiningu. Jafnlaunavottunin byggir á staðli ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi. Jafnlaunavottunin tekur til allra starfsmanna KPMG á Íslandi.

4.4.5 Inntaka hluthafa

Fyrir hendi er skilgreint ferli við að taka inn nýja hluthafa í félagið. Að því vali standa stjórnendur hjá félaginu sem gera tillögu til hluthafafundar. Viðmið við inntöku nýrra hluthafa eru í samræmi við stefnu KPMG um fagmennsku, heilindi, gæði og að vera framúrskarandi starfsmaður.

4.4.6 Úthlutun verkefna

KPMG úthlutar verkefnum til hluthafa og starfsmanna í samræmi við nauðsynlega þekkingu, hæfileika og reynslu sem nýtist í verkefninu.

Sviðsstjórar bera ábyrgð á að úthluta verkefnum til hluthafa. Lykilþættir við þá ákvörðun eru reynsla hluthafa og hæfileikar sem byggja á fjölda verkefna sem fyrir eru, stærð, margbreytileika og áhættu viðkomandi verkefnis og þeim sérfræðistuðningi sem til þarf, þ.e. samsetningu teymis og aðkomu sérfræðinga.

Endurskoðendur skulu ganga úr skugga um að endurskoðunarteymið hafi viðeigandi hæfileika, faggildingu og svigrúm, þar á meðal tíma, til að sinna endurskoðunarverkefni í samræmi við KAM, faglega staðla og viðeigandi lög og reglugerðir. Í því getur falist að kalla til sérfræðinga innan félagsins eða frá öðrum aðildarfélögum KPMG.

Þegar skoðað er hvort viðeigandi hæfileikar og geta endurskoðunarteymis í heild er fyrir hendi, getur endurskoðandinn horft til eftirfarandi þátta:

- Skilnings og reynslu af sambærilegum endurskoðunarverkefnum hvað varðar eðli og flækjustig, með viðeigandi þjálfun og þátttöku.
- Skilnings á faglegum stöðlum og regluverki.
- Viðeigandi tæknilegrar þekkingar, þar á meðal varðandi upplýsingatækni og sérvið tengdum reikningsskilum og endurskoðun.
- Þekkingu á atvinnugrein viðskiptavinarins.
- Hæfileika til að beita faglegri dómgreind.
- Skilnings á reglum og verkferlum KPMG um gæðamál.
- Niðurstaðna í innra og ytra gæðaeftirliti.

4.4.7 Starfsánægja

Annað hvert ár býður KPMG öllum starfsmönnum að taka þátt í sjálfstæðri könnun (Global People Survey) sem mælir viðhorf starfsmanna og gefur niðurstöðu um mælikvarða sem tengjast starfsánægju o.fl. (Employee Engagement Index). Könnunin veitir einnig innsýn inn í hvaða þættir hafi áhrif á starfsánægju eftir því hvaða hópi starfsmenn tilheyra og hvernig við stöndum okkur í völdum flokkum.

Niðurstöður Global People Survey veita stjórnendum upplýsingar um viðhorf starfsmanna og hluthafa um gæðamál, tóninn að ofan og starfsánægju og stuðlar að því að stjórnendur geti með betri hætti innleitt mögulegar úrlausnir og forgangsraðað þeim í samræmi við þá mælikvarða sem könnunin veitir niðurstöður um, en einnig veitt vísbendingar um hvort fyrir hendi kunni að vera atriði sem sérstaklega þurfi að skoða.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.5 Skuldbinding um að nýta bestu tækni og afhenda gæðaafurðir

Starfsmenn KPMG fá þá tæknilegu þjálfun og stuðning sem þeir þurfa. Í þessu felst aðgangur að neti sérfræðinga og faghópa þar sem fyrir hendi eru sérfræðingar með mikla reynslu í endurskoðun, áritunum og áhættustýringu, og veita þeir verkefnateymum stuðning og ráðgjöf.

Á sama tíma gera reglur um faggildingu og leyfismál kröfur til þess að tiltekni sérfræðingar hafi viðeigandi þekkingu og reynslu fyrir tiltekna tegund verkefna. Skipulag KPMG gerir verkefnateymum okkar kleift að nýta þekkingu sína á viðskiptaumhverfinu og viðkomandi atvinnugreinum til þess að viðhalda gæðum í endurskoðun og veita verðmæta innsýn.

4.5.1 Fagleg þjálfun

Til viðbótar við þá einstaklingsbundnu starfsþróun sem fjallað er um hér að framan gera reglur okkar kröfu um að sérfræðingar viðhaldi tæknilegri þekkingu sinni og uppfylli viðeigandi kröfur sem gerðar kunna að vera í lögum og reglum.

Á vegum KPMG starfa fræðslunefndir um endurskoðun á alþjóðlegum og svæðisbundnum vettvangi. Einnig ákveður KPMG ehf. þegar við á hverjar árlegar þjálfunarþarfar félagsins eru og er í því skyni notast við blöndu af rafrænum námskeiðum og námskeiðum í fyrirlestraformi. Haft er samráð við aðra sérfræðihópa innan KPMG, s.s. um staðla- og gæðamál, til að tryggja að þjálfun sé í hæsta gæðaflokki, sé viðeigandi fyrir þau störf sem inna þarf af hendi og sé veitt tímanlega.

Þjálfun er ekki bundin við námskeið heldur er einnig lögð áhersla á að starfsmenn miðli þekkingu til annarra starfsmanna í verkefnum jafnóðum. Ýmis konar vefnámskeið og aðrar tegundir af rafrænum námskeiðum sem varða einstaka þætti starfsins eru síðan aðgengileg hvenær sem er.

4.5.2 Faggilding og leyfismál

Starfsmönnum KPMG ber að uppfylla allar viðeigandi kröfur sem varða faggildingu þeirra og uppfylla kröfur um endur- og símenntun. Reglur og ferlar eru þannig úr garði gerðir að þeir einstaklingar sem sinna störfum þar sem krafist er leyfis hafi þau leyfi. Endurmenntun endurskoðenda er skipulögð í samræmi við kröfur 7. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

Við berum ábyrgð á að tryggja að starfsmenn sem vinna við endurskoðun hafi viðeigandi þekkingu á endurskoðun, reikningsskilum og atvinnugreininni, sem og reynslu af þeim reikningsskilareglum sem gilda í landinu.

Að auki erum við með hluthafa og verkstjóra sem sérhæft hafa sig í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og hljóta þeir reglulega viðeigandi sí- og endurmenntun til að tryggja að ekki vanti upp á nauðsynlega þekkingu.

4.5.3 Aðgangur að neti sérfræðinga

Verkefnateymi hjá KPMG hafa aðgang að neti KPMG sérfræðinga bæði innanlands og hjá öðrum aðildarfélögum. Sá sem ber ábyrgð á verkefni ber jafnframt að tryggja að teymið hafi yfir að ráða viðeigandi þekkingu og hæfileikum.

Mat á þörf fyrir sérfræðinga í endurskoðun, s.s. í upplýsingatækni, skattamálum og verðmati, er hluti af því að áhættumeta verkefni bæði í upphafi og árlega eftir það. Sérfræðingar sem eru hluti af endurskoðunarteymi fá sérstaka þjálfun um hugtök og aðferðir í endurskoðun.

4.5.4 Samráð

Við lítum svo á samráð sé styrkleiki og hvetjum þannig starfsmenn til að hafa samráð um erfið og umdeilanleg atriði. Í því samhengi höfum við verkferla um samráð og skrásetningu flókinna reikningsskila- og endurskoðunarmála, þar á meðal um að leysa úr ágreiningi um efni áritunar.

Viðeigandi faglegur stuðningur er veittur starfsmönnum í endurskoðun með ýmsum hætti, s.s. með tilnefndum sérfræðingum í sérfræðiteymi. Tæknileg reikningsskila- og endurskoðunaraðstoð er einnig í boði í gegnum þjónustu á vegum KPMG International, svo sem Global Services Centre, sem annast uppfærslu og viðhald leiðbeininga og upplýsinga sem tengdar eru aðferðum í endurskoðun og samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Einnig eru sérfræðiteymi sem sérhæfa sig í túlkunum á alþjóðlegum endurskoðunar- og reikningsskilastöðlum (International Standards Group).

Nánari upplýsingar um þessa þjónustu má finna í [viðauka við gagnsæisskýrslu KPMG International](#).

4.5.5 Skilningur á viðskiptaumhverfinu og þekking á atvinnugreinum

Lykilþáttur í gæðum er að kunna góð skil á viðskiptaumhverfi og atvinnugrein viðskiptavinarins.

Að því er varðar þýðingarmiklar atvinnugreinar er á vegum KPMG International safnað saman og viðhaldið upplýsingum um atvinnugreinarnar sem gerðar eru aðgengilegar starfsmönnum sem vinna við endurskoðun í gegnum eAudIT. Birtist það m.a. sem dæmi um endurskoðunaraðgerðir sem viðeigandi kunna að vera fyrir atvinnugreinina og aðrar upplýsingar, t.d. algengar áhættur og reikningsskilaferlar. Að auki eru yfirlit sem veita almennar upplýsingar um atvinnugreinarnar og samantekt um þekkingu á atvinnugreinunum aðgengileg í eAudIT.

4.6 Árangursrík og skilvirk endurskoðun

Hvernig endurskoðun er framkvæmd er jafn mikilvægt og niðurstaðan. Hjá KPMG er ætlast til þess að starfsmenn fylgi tilteknum reglum og verkferlum við framkvæmd skilvirkar og árangursríkrar endurskoðunar.

4.6.1 Endurskoðunarferlar KPMG

Verkferlar okkar við endurskoðun koma fram í rafræna endurskoðunarhugbúnaði okkar, eAudIT. Í því kerfi er að finna endurskoðunaraðferðir okkar, leiðbeiningar og upplýsingar um viðkomandi atvinnugrein sem og þann hugbúnað sem nauðsynlegur er til að halda utanum endurskoðunina með skipulögðum hætti. Endurskoðunarferlar okkar innifela:

- Tímanlega aðkomu endurskoðanda og verkstjóra.
- Tímanlegan aðgang að réttri þekkingu, s.s. sérfræðingum á hverju sviði fyrir sig.
- Gagnrýnið mat á endurskoðunargögnum, beitingu faglegrar dómgreindar og efahyggju.
- Samfelldar leiðbeiningar, yfirferð og eftirlit.
- Viðeigandi skrásettar og rökstuddar niðurstöður.
- Öfluga yfirferð og eftirlit, þar á meðal samtíma gæðaeftirlit (EQCR).

4.6.1.1 Tímanleg aðkoma endurskoðanda og verkstjóra

Endurskoðunarteymi þarf að skilja viðskiptavininn, atvinnugrein hans, fjárhagslega stöðu og viðskiptaumhverfið sem hann starfar í svo unnt sé að greina og takast á við mikilvægar áhættur tengdar endurskoðun hverju sinni.

Endurskoðandinn ber ábyrgð á gæðum endurskoðunarverkefnis í heild og þar af leiðandi á skipulagningu, leiðbeiningum og framkvæmd verkefnisins.

Þátttaka og forysta endurskoðandans við skipulagningu endurskoðunarinnar og í upphafi endurskoðunar setur tóninn við endurskoðunina um umfang hennar og hjálpar einnig teyminu til að nýta til fulls reynslu og þekkingu endurskoðandans við vinnuna. Tímanleg aðkoma endurskoðandans að öðrum þáttum endurskoðunarinnar veitir honum einnig tækifæri til að greina og bregðast við atriðum sem mikilvæg eru í verkefninu, þar á meðal mikilvæg matsatriði og verulegar áhættur.

Endurskoðandinn ber ábyrgð á álitu sínu á ársreikningnum og fer jafnframt yfir lykilþætti og gögn varðandi endurskoðunina, einkum skjöl sem varða veruleg atriði sem upp koma við endurskoðun og þær niðurstöður sem komist er að. Eftir atvikum aðstoðar verkstjóri í endurskoðuninni endurskoðandann við að uppfylla þessar skyldur og samskipti við viðskiptavininn og teymið, og byggir þannig upp þekkingu sem er til hagsbóta fyrir teymið.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.6.1.2 Mikilvægt mat á endurskoðunargögnum, beiting faglegrar dómgreindar og efahyggju

Við förum yfir öll gögn sem aflað er vegna endurskoðunarinnar, þar á meðal hvort ósamræmi eða mótsögn er í gögnunum. Eðli og umfang endurskoðunargagna sem við söfnum fer eftir fyrirliggjandi áhættumati. Við metum með gagnrýnum hætti endurskoðunargögnin, hvaðan sem þau koma. Sérhver meðlimur endurskoðunarteymis skal beita faglegrri dómgreind og viðhafa faglegra efahyggju í gegnum endurskoðunarverkefnið í þeim tilgangi að aflað sé viðeigandi og nægjanlegra endurskoðunargagna.

Í faglegrri efahyggju felst að skoða gögn og spyrja spurninga með gagnrýnum hætti og vera vakandi fyrir ósamræmi í endurskoðunargögnum. Endurskoðunarstaðlar leggja áherslu á faglegra efahyggju og eftirlitsaðilar hafa hana í brennidepli. Gæðarammi KPMG um endurskoðun (Audit Quality Framework) leggur áherslu á beitingu faglegrar efahyggju í gegnum alla endurskoðunina.

Stuðlað er að faglegrri dómgreind hjá KPMG með því að hafa skilgreindar aðferðir við endurskoðun, einkum á þeim sviðum þar sem fyrir hendi eru veruleg matsatriði. Það styður einnig við mikilvægi óhæðis og hlutlægni og leggur áherslu á mikilvægi þess að vera með rétt hugarfar, þ.e. þörfina á að beita faglegrri efahyggju.

Við beitingu faglegrar dómgreindar er mikilvægt að hafa í huga og vera á verði gagnvart hlutdrægni sem getur verið ógnun við góða dómgreind. Þar sem um mikilvæg matsatriði er að ræða er áherslan við endurskoðun m.a. á eftirfarandi:

- Skoða alla valmöguleika.
- Meta með gagnrýnum augum endurskoðunargögn og skoða sérstaklega upplýsingar sem eru ósamkvæmar eða mótsagnakenndar.
- Skrásetja tímanlega röksemdir fyrir niðurstöðum í því skyni að meta hvort þær séu nægjanlegar og viðeigandi.

Lögð er sérstök áhersla á beitingu faglegrar dómgreindar og efahyggju í allri þjálfun og námskeiðum, en tekið er tillit til þess að dómgreind er færni sem þróast með tímanum og með mismunandi reynslu.



4.6.1.3 Samfelldar leiðbeiningar, yfirferð og eftirlit

Við höfum skilning á að þekking byggist upp með tímanum og með reynslu af ólíkum verkefnum. KPMG fjárfestir í uppbyggingu á þekkingu og hæfni starfsmanna, án þess að slá af gæðakröfum, með því að vera með vinnuumhverfi sem byggir á símenntun og leiðbeiningum í starfi.

Samfelldar leiðbeiningar og verkstjórn á meðan á endurskoðun stendur felast m.a. í:

- Þátttöku endurskoðandans í umræðu um skipulagningu endurskoðunar.
- Að fylgjast með framgangi endurskoðunarverkefnis.
- Að fara yfir hæfni og getu einstakra meðlima endurskoðunarteymis, þar á meðal hvort þeir hafi nægjanlegan tíma til að sinna verkefninu, hvort þeir skilji leiðbeiningar um verkefni þeirra og hvort vinnan sé innt af hendi í samræmi við áætlun um nálgun endurskoðunarinnar.
- Að aðstoða meðlimi endurskoðunarteymis við að takast á við mikilvæg atriði sem upp koma við endurskoðun og breyta nálgun í endurskoðun með viðeigandi hætti.
- Að greina atriði í verkefninu sem hafa þarf samráð um við reyndari meðlimi endurskoðunarteymisins.

Lykilþáttur í árangursríkum leiðbeiningum og verkstjórn er tímanleg yfirferð þeirrar vinnu sem innt hefur verið af hendi svo hægt sé tímanlega að greina, ræða og leysa úr mikilvægum atriðum.

4.6.1.4 Viðeigandi skrásettar og rökstuddar niðurstöður

KPMG International hefur hannað eAudit, sem er endurskoðunarhugbúnaður sem KPMG ehf. notar, en hann inniheldur leiðbeiningar, aðferðir við og skrásetningu eftirlitsaðgerða við framkvæmd endurskoðunar. Skrásett er hvaða endurskoðunaraðgerðir eru framkvæmdar, hvaða endurskoðunargagna er aflað og að hvaða niðurstöðum er komist varðandi mikilvæg atriði í endurskoðuninni. Reglur KPMG gera kröfu um að reyndari meðlimir endurskoðunarteymis fari yfir gögnin.

KAM gerir ráð fyrir að tímanlega unnin skjöl auki gæði endurskoðunarinnar og greiði fyrir skilvirkri yfirferð og mati á endurskoðunargögnum sem aflað er og niðurstöðum sem komist er að áður en áritun okkar er gefin út. Teymin skulu safna heildstæðum gögnum og lokaeintaki af endurskoðunarskjöllum til varðveislu innan tilgreindra tímamarka, sem almennt eru 60 dagar frá dagsetningu áritunar um endurskoðun, en þessi tímamörk geta verið styttri við tiltekna aðstæður.

Lykilatriði sem endurskoðunarteymi skal hafa í huga er hvort reyndur endurskoðandi sem ekki hefur komið nálægt viðkomandi verkefni muni geta skilið eftirfarandi:

- Eðli, tímasetningar og umfang endurskoðunaraðgerða sem framkvæmdar eru í samræmi við kröfur alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og KAM.
- Kröfur viðeigandi laga og reglugerða.
- Niðurstöður þeirra aðgerða sem framkvæmdar voru og endurskoðunargögn sem aflað var.
- Mikilvægar niðurstöður og atvik sem upp komu við endurskoðunina og aðgerðir sem gripið var til í því skyni að leysa úr þeim, þar á meðal viðbótar endurskoðunargögn sem aflað var.
- Grundvöll þeirrar niðurstöðu sem komist var að og mikilvæg fagleg matsatriði sem tengjast því að komast að þeirri niðurstöðu.

4.6.1.5 Viðeigandi samtíma gæðaeftirlit (EQCR)

Sá sem gegnir hlutverki EQCR er óháður endurskoðunarteymi og er með viðeigandi reynslu og þekkingu til að framkvæma hlutlægt eftirlit með mikilvægum ákvörðunum og mati endurskoðunarteymisins og hvort ársreikningurinn sé viðeigandi.

Tilnefna ber EQCR vegna endurskoðunar ársreikninga og könnunar árshlutareikninga allra félaga sem eru einingar tengdar almannahagsmunum, en einnig geta aðrar aðstæður kallað á að EQCR sé tilnefndur, s.s. stærri mikilvæg félög og niðurstöður áhættumats RMP eða sviðsstjóra endurskoðunarsviðs.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.6.1.5 Viðeigandi samtíma gæðaeftirlit (EQCR) (frh.)

Gæðaeftirlit þetta er framkvæmt áður en álit endurskoðanda á reikningsskil er undirritað og felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Yfirferð valinna endurskoðunarskjala sem tengjast mikilvægu mati endurskoðunarteymis og niðurstaðna sem komist var að.
- Yfirferð ársreiknings og tillögu um álit endurskoðanda.
- Mat á niðurstöðum sem leiða til álits endurskoðanda og mat á hvort tillaga að áritun sé viðeigandi.

Þó svo að endurskoðandi beri höfuðábyrgð á að leyst verði úr öllum atriðum sem tengjast ársreikningi og endurskoðun þá þarf EQCR að vera sáttur við að leyst hafi verið úr öllum vafaatriðum sem upp hafa komið áður en hægt er að líta svo á að endurskoðun sé lokið.

KPMG leitast stöðugt við að efla og bæta það hlutverk sem EQCR gegnir við endurskoðun þar sem þetta er lykilþáttur í gæðaeftirliti. Undanfarin ár hafa ýmis skref verið tekin til að styrkja þetta hlutverk, þar á meðal:

- Að gefa út leiðbeiningar sem fjalla um getu og hæfileika þess sem gegnir hlutverki EQCR og um þann stuðning sem EQCR getur fengið.
- Innleiðing tiltekinna aðgerða í eAudIT til að stuðla að skilvirkri yfirferð.
- Innleiðing á reglum um tilnefningu EQCR og þjálfun þeirra, svo og eftirlit með og mat á störfum þeirra að því er varðar eðli, tímasetningar og umfang aðkomunnar.

4.6.1.6 Álit endurskoðanda

Endurskoðunarstaðlar og lög um ársreikninga kveða einkum á um form og efni álits endurskoðanda sem felur í sér álit á glöggri mynd af fjárhagsstöðu viðskiptavinarins í öllum meginatriðum. Reyndur endurskoðandi semur álit á viðkomandi ársreikningi byggt á þeirri endurskoðun sem framkvæmd hefur verið.

Við undirbúnings álits hefur endurskoðandi aðgang að víðtækum leiðbeiningum og tæknilegri aðstoð hjá sérfræðingum, einkum hvað varðar mikilvæg atriði sem greina þarf notendum reikningsskila frá, annað hvort með áritun með fyrirvara eða með ábendingu.

Í samræmi við breytingar á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum á árinu 2016 var bætt úr upplýsingagjöf endurskoðanda í áritun. Breytingar á áritun endurskoðanda hafa veitt notendum reikningsskila meiri innsýn inn í endurskoðunina og aukið gagnsæi.

4.6.1.7 Opin, skilningsrík og heiðarleg samskipti

Gagnkvæm samskipti við stjórnendur og eftir atvikum endurskoðunarnefnd eru lykilþáttur í gæðum við endurskoðun, veitingu þjónustu og afhendingu afurðar.

Við hjá KPMG leggjum mikla áherslu á mikilvægi þess að upplýsa stjórnendur um atriði sem upp kunna að koma við endurskoðunina, hlusta á sjónarmið og skilja afstöðu þeirra. Þessu náum við fram með skýrslugerð, kynningum, mætingu á fundi stjórnar eða endurskoðunarnefndar og eftir því sem við á óformlegum samræðum við stjórnendur og meðlimi endurskoðunarnefndar.

Samskipti við endurskoðunarnefnd fela í sér:

- Yfirlit yfir skipulagningu og tímasetningu endurskoðunar, þar á meðal um mikilvægar áhættur sem greindar hafa verið.
- Mikilvægar niðurstöður endurskoðunar sem geta varðað annmarka á eftirlitsþáttum og endurskoðunarmismuni.
- Árleg skrifleg samskipti um að endurskoðunarteymið og KPMG hafi uppfyllt allar viðeigandi óhæðiskröfur, lýsingu á tengslum og öðrum atriðum sem varða samskipti KPMG og viðskiptavinarins í endurskoðun sem að okkar mati gætu haft áhrif á mat á óhæði, sem og lýsingu á varúðarráðstöfunum sem gripið hefur verið til í því skyni að draga úr eða eyða ógnun við óhæði.

Við tryggjum að öll slík samskipti uppfylli kröfur faglegra staðla.

4.6.1.8 Áhersla á skilvirkni við endurskoðun á samstæðum

Aðferðafræði okkar við endurskoðun (KAM) fjallar sérstaklega um endurskoðun á samstæðum. Við leggjum mikla áherslu á gagnkvæm samskipti milli þess teymis sem annast endurskoðun samstæðu við endurskoðendur eininga innan samstæðu og er það lykill að gæðaendurskoðun. Endurskoðandinn sem ber ábyrgð á endurskoðun samstæðu skal við samþykki endurskoðunarverkefnis leggja mat á hæfni endurskoðenda eininga í samstæðunni, hvort sem þeir eru hluti af KPMG netinu eða ekki.

Samræmd aðferðafræði er notuð innan KPMG netsins sem og samræmdur hugbúnaður. Endurskoðendur hafa aðgang að upplýsingum um endurskoðendur eininga samstæðunnar innan KPMG netsins til að aðstoða þá við að meta hæfni og getu.

Endurskoðendur samstæðu geta farið yfir endurskoðunargögn eininga í samstæðunni á staðnum eða með rafrænum aðgangi.

4.6.2 Trúnaður, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Lögd er mikil áhersla á að gæta að trúnaði um upplýsingar viðskiptavina í öllu regluverki KPMG, svo sem í starfsreglum, þjálfun og árlegum staðfestingum sem allir starfsmenn okkar þurfa að skila.

Við erum með skriflegar verklagsreglur um varðveislu gagna, m.a. um í hve langan tíma skuli varðveita gögn vegna endurskoðunar og önnur viðkomandi gögn, í samræmi við kröfur í alþjóðlegum stöðlum, lögum og reglugerðum.

Við erum með skýrar reglur um upplýsingaöryggi sem varða ýmis svið í okkar rekstri. Einnig er fyrir hendi verklagsregla sem varðar vernd persónuupplýsinga og fá starfsmenn viðeigandi þjálfun hvað það varðar.

Gætt er að öllum kröfum sem fram koma í nýrri löggjöf um persónuvernd sem tók gildi um mitt ár 2018.

4.7 Skuldbinding um áframhaldandi framfarir

Við leggjum okkur fram um að bæta gæði, samræmi og skilvirkni í endurskoðun okkar. Reglubundið gæðaeftirlit fer fram í því skyni að greina ágalla, framkvæma ítarlega greiningu á ástæðum og semja, innleiða og gefa reglulega skýrslu um aðgerðaáætlun, bæði hvað varðar gæði í einstökum verkefnum í endurskoðun og gæðakerfi KPMG almennt. KPMG International hefur innleitt gæða- og eftirlitskerfi í þessu skyni, þar á meðal Quality Performance Review (QPR), Risk Compliance Program (RCP) og Global Compliance Review (GCR).

Framangreind gæða- og eftirlitskerfi eru rekin miðlægt af KPMG International og eru samræmd fyrir öll aðildarfélögin, þar á meðal um aðferðir, umfang eftirlits og skýrslugjöf. KPMG ehf. ber niðurstöður innra eftirlits saman við niðurstöður ytra eftirlits og grípur til viðeigandi ráðstafana til að bæta úr þegar það á við.

4.7.1 Innri eftirlitskerfi

Eftirlitskerfi okkar meta eftirfarandi:

- Hvort verkefni er unnið í samræmi við viðeigandi staðla, lög og reglugerðir sem og reglur og verklag KPMG International.
- Fylgni KPMG ehf. við reglur og verklag KPMG International og hvort verklag og lykil eftirlitsþættir séu viðeigandi, nægjanlegir og virkir.

Niðurstöðum og lærdómi sem koma út úr þessu eftirliti er miðlað innan félagsins, og heildarniðurstöður og lærdómur er yfirfarið og gripið til viðeigandi ráðstafa heima fyrir, svæðisbundið eða á vettvangi KPMG International. Jafnframt er horft til innri eftirlitskerfa okkar við mat á því hvort gæðaeftirlitskerfi okkar hafi verið rétt hannað, innleitt með virkum hætti og starfi með réttum hætti.

Tvö eftirlitskerfi sem KPMG International hefur þróað og rekur eru framkvæmd árlega á endurskoðunarsviði, skatta- og lögfræðisviði og ráðgjafarsviði, þ.e. QPR og RCP. Að auki ganga öll aðildarfélögin í gegnum úttekt á þriggja ára fresti sem nær til almennrar starfsemi félagsins og skipulags, þ.e. GCR. Þátttaka í QPR, RCP og GCR er skilyrði fyrir áframhaldandi aðild að KPMG netinu.

Gæðastjórnunarkerfi (frh.)

4.7.1 Innri eftirlitskerfi (frh.)

Gæðaeftirlit í endurskoðun (QPR)

QPR metur framkvæmd einstakra verkefna og greinir möguleika á að bæta gæði verkefnisins.

Nálgun byggð á áhættumati

Sérhver endurskoðandi er metinn a.m.k. á þriggja ára fresti. Stuðst er við áhættumat við val á verkefnum í gæðaeftirlit.

KPMG ehf. framkvæmir hið árlega QPR í samræmi við fyrirmæli og undir eftirliti frá KPMG International. Gæðaeftirlit er undir yfirstjórn reynds eftirlitsmanns sem óháður er viðkomandi aðildarfélagi.

Val eftirlitsmanna, undirbúningur og framkvæmd Ítarleg viðmið eru sett varðandi mat á eftirlitsmönnum. Í eftirlitsteymum eru meðal annars reyndir eftirlitsmenn sem eru óháðir viðkomandi aðildarfélagi og leiða þeir verkefnið.

Niðurstöður gæðaeftirlits í endurskoðun

Samræmd viðmið eru notuð til að komast að niðurstöðu um gæðaeftirlit og mat á frammistöðu endurskoðunarsviðsins.

Skýrslugjöf

Niðurstöður QPR eru kynntar innan félagsins ýmist skriflega, á námskeiðum og reglubundnum fundum hluthafa, verkstjóra og annarra starfsmanna.

Niðurstöðum er fylgt eftir í síðari gæðaeftirlitum og þannig fylgst með því hvernig tekist hefur til hvað varðar stöðugar framfarir.

Risk Compliance Program (RCP)

KPMG International setur og viðheldur reglum og verklagi um gæðamál sem gilda um öll aðildarfélögin. Reglur þessar og verklag, ásamt viðkomandi starfsháttum, innihalda kröfur ISQC-1. Í árlegu RCP framkvæmum við ítarlegt mat á skjölun gæðakerfa og verkferla, framkvæmum próf er varða fylgni við reglur og verkferla og gefum skýrslur um frávik, aðgerðaáætlun og niðurstöður.

Markmið RCP eru að:

- Hafa eftirlit með, skrásetja og meta að hve miklu leyti gæðakerfi KPMG ehf. er í samræmi við reglur og verklag KPMG International um gæða- og áhættumál, sem og kröfur í lögum og reglugerðum sem tengjast viðkomandi þjónustu sem veitt er.
- Gefa KPMG ehf. forsendur fyrir því að meta hvort félagið og starfsmenn þess fylgi viðeigandi faglegum stöðlum, lögum og reglum.

Ef frávik greinast ber okkur að gera viðeigandi aðgerðaáætlun um úrbætur.

Global Compliance Review (GCR)

Sérhvert aðildarfélag sætir á a.m.k. þriggja ára fresti GCR eftirliti sem framkvæmt er af fulltrúum frá KPMG International sem óháðir eru aðildarfélaginu.

GCR veitir ytri staðfestingu á gæðakerfi okkar, þar á meðal:

- Skuldbindingu okkar um gæði og áhættustýringu (tónninn að ofan) og að hve miklu leyti almennt skipulag félagsins, stjórnun og fjármögnun styðja við þessa skuldbindingu.
- Umfang og nákvæmni við framkvæmd okkar á RCP.


GCR eftirlitsteymið er óháð KPMG ehf., er hlutlaust og hefur þekkingu á regluverki KPMG um gæða- og áhættumál.

Við gerum aðgerðaáætlun um úrbætur til að bregðast við niðurstöðum GCR og berum hana undir GCR teymið til samþykktar. Fylgst er með framvindu áætlunarinnar af miðlægu teymi GCR. Global Quality & Risk Management Steering Group fær upplýsingar um niðurstöður GCR og eftir því sem við á og þörf krefur eru niðurstöður sendar til KPMG International og svæðisstjórna til að tryggja tímanleg viðbrögð og úrbætur.

Greining á orsökum

KPMG ehf. gerir greiningu á orsökum (Root Cause Analysis) í þeim tilgangi að greina og takast á við gæðamál sem tengjast endurskoðun svo unnt sé að koma í veg fyrir að þau komi fyrir aftur og einnig til að greina góð vinnubrögð, en hvort tveggja er þetta hluti af stöðugum framförum.

KPMG International hefur innleitt fimm meginstöðir tengdar slíkri greiningu og eru þær eftirfarandi:



Það er á ábyrgð sérhvers aðildarfélags að framkvæma greiningu á orsökum og þannig greina og síðan þróa viðeigandi aðgerðir til úrbóta tengdar gæðum í endurskoðun. Svæðisstjóri endurskoðunarsviðs ber ábyrgð á gerð og innleiðingu aðgerðaáætlunar sem til verður í framhaldi af greiningunni, þar á meðal á því að tilnefna ábyrgðaraðila. Risk Management Partner hefur eftirlit með framvindunni.

Tillögur um úrbætur

KPMG International fer miðlægt yfir niðurstöður allra gæðaúttekta, skoðar greiningu á orsökum og framlagðar aðgerðaáætlunir og ef við á grípur til viðeigandi aðgerða á alþjóðlegum vettvangi. Skoðað er hvort fyrir hendi geta verið frávik sem fram koma í innra og ytra eftirliti og eru þvert á KPMG netið, skoðað er hvort árangur hefur náðst í því að bæta úr frávikum varðandi gæði í endurskoðun og gerðar eru viðeigandi tillögur um úrbætur tengdar gæðum í endurskoðun.

Áætlanir KPMG International um úrbætur fela í sér heildrænar aðgerðir sem beint er að menningu og hegðun og að því að ná fram samræmi við framkvæmd verkefna. Þessar aðgerðir fela einnig í sér þjálfun, hugbúnað og leiðbeiningar sem ætlað er að stuðla að samræmi, tryggja að grundvallaratriðin séu rétt og að góðu verklagi sé miðlað innan KPMG netsins.

4.7.2 Ytri endurgjöf og samskipti

4.7.2.1 Eftirlitsaðilar

Endurskoðendaráð hefur staðið fyrir gæðaeftirliti um árabíl í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur. Gæðaeftirlit þetta er framkvæmt árlega í því skyni að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Endurskoðendaráð gerir árlega skýrslu um niðurstöður þessa reglubundna gæðaeftirlits og birtir á [heimasíðu sinni](#).

Niðurstöður þessa gæðaeftirlits hafa ekki leitt í ljós slík frávik að þau hafi veruleg áhrif á hvernig við framkvæmum endurskoðun.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur KPMG International regluleg samskipti við International Forum of Independent Audit Regulators (IFIAR) til að ræða almennt niðurstöður gæðaeftirlits í endurskoðun og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta úr innan nets aðildarfyritækjanna.

4.7.2.2 Endurgjöf viðskiptavina

Reglulega leitum við eftir endurgjöf viðskiptavina með samtölum og rafrænum könnunum til að leggja mat á hve ánægðir þeir eru með þjónustu okkar. Við kappkostum að bregðast við slíkri endurgjöf og gera viðeigandi breytingar til að mæta þörfum viðskiptavinanna.



5. Fjárhagslegar upplýsingar

Á rekstrarárinu 1. október 2017 til 30. september 2018 námu heildartekjur KPMG á Íslandi 5,2 milljörðum króna.

Tekjur vegna endurskoðunar námu 1,7 milljarði króna, þar af voru tæplega 280 milljónir króna vegna endurskoðunar eininga tengdra almannahagsmunum.

Að því er varðar viðskiptavinum í endurskoðun námu tekjur vegna annarrar þjónustu en endurskoðunar um 1,1 milljarði króna.

Tekjur frá viðskiptavinum sem ekki eru endurskoðaðir af KPMG námu tæplega 2,4 milljörðum króna.

6. Greiðslur til hluthafa

Allir hluthafar eru starfandi hjá félaginu. Fá þeir annars vegar fastar mánaðarlegar greiðslur og hins vegar arðgreiðslur sem ákveðnar eru af hluthafafundi og byggjast á afkomu félagsins á næstliðnu fjárhagsári.

7. Upplýsingar um KPMG netið

7.1 Stjórnskipulag

Sjálfstæð aðildarfélag KPMG netsins eru aðilar að KPMG International, svissnesku samvinnufélagi.

Starfsemi KPMG International er í þágu aðildarféлага KPMG netsins en KPMG International veitir ekki viðskiptavinum sérfræðipjónustu. Einungis aðildarfélagin veita viðskiptavinum sérfræðipjónustu.

Einn megintilgangur KPMG International er að aðstoða aðildarfélagin við að veita hágæðapjónustu á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Sem dæmi má nefna að KPMG International setur og viðheldur samræmdum reglum, stöðlum um verkefni og vinnulag aðildarféлага og ver og eykur notkun KPMG nafnsins og vörumerkisins.

KPMG International er eining sem er lagalega óháð aðildarfélagunum. Ekkert aðildarfélag hefur heimild til að skuldbinda KPMG International eða nokkurt annað aðildarfélag gagnvart þriðja aðila og KPMG International hefur enga slíka heimild til að skuldbinda aðildarfélagin.

Frekari upplýsingar um KPMG netið má nálgast á [vefsíðu KPMG International](#).

Heiti sérhvers endurskoðunarfyrtækis sem er aðili að netinu og í hvaða landi þau hafa heimild til að starfa sem endurskoðendur eða eru með skrifstofur sínar, miðlæga þjónustu eða aðalskrifstofu eru aðgengilegar [hér](#).

7.2 Réttindi og skyldur aðildarfélaganna

Samkvæmt samningum við KPMG International ber aðildarfélagunum að fylgja reglum og verkferlum KPMG International, þar á meðal gæðastöðlum um hvernig veita skuli viðskiptavinum þjónustu á samkeppnishæfum grundvelli. Í þessu felst að vera með stjórnskipulag félagsins þannig að samfella og stöðugleiki sé tryggður og hafa getu til þess að innleiða alþjóðlegar reglur, skiptast á upplýsingum, þjónusta alþjóðlega viðskiptavini, stýra áhættu og innleiða alþjóðlega aðferðafræði og hugbúnað.

Sérhvert aðildarfélag ber ábyrgð á eigin stjórnun og gæðum vinnu sinnar. Aðildarfélagin skuldbinda sig til að hlíta sameiginlegum gildum KPMG.

Starfsemi KPMG International er fjármögnuð með greiðslum frá aðildarfélagunum. Grundvöllur útreiknings aðildargjalda er samþykktur af aðalstjórninni og er beitt með samræmdum hætti gagnvart öllum aðildarfélagunum. Stöðu félags sem aðildarfélags KPMG netsins og þátttöku í netinu er unnt að slíta ef meðal annars félagið hefur ekki fylgt reglum og verkferlum KPMG International eða ekki uppfyllt aðrar skuldbindingar sínar gagnvart KPMG International.

7.3 Starfsábyrgðartryggingar

Veitt er tiltekin tryggingavernd að því er varðar kröfur sem tengjast gáleysi við veitingu sérfræðipjónustu. Tryggingaverndinni er skipt upp í svæði og er að meginstefnu til veitt í gegnum eigið tryggingafélag og býðst tryggingin öllum aðildarfélagum KPMG.

7.4 Innra skipulag

Helstu stjórnunarstofnanir KPMG International eru Global Council, Global Board og Global Management Team. Nánari upplýsingar um innra skipulag KPMG International er að finna í [skýrslu KPMG International um gagnsæi](#).

7.5 Svæðisbundin gæða- og áhættumál

Global Vice Chair – Quality, Risk and Regulatory tilnefndir aðila sem bera ábyrgð á svæðisbundnum gæða- og áhættumálum (Area Quality & Risk Management Leaders). Þeirra hlutverk er að:

- Meta árangur aðildarfélags í tengslum við gæðamál og áhættustjórnun varðandi það að greina og draga úr mikilvægri áhættu gagnvart félaginu og KPMG netinu, fylgjast með fylgni við alþjóðlegar reglur um gæða- og áhættumál og forgangsröðun.
- Miðla þekkingu og bestu framkvæmd í gæða- og áhættumálum.
- Gefa skýrslur til Global Vice Chair – Quality, Risk and Regulatory.



8. Yfirlýsing stjórnar KPMG ehf. um skilvirkni gæðaeftirlitskerfa og óhæði

Þeim aðgerðum og verkferlum sem eru grunnur að gæðaeftirlitskerfum KPMG ehf. og lýst er í skýrslu þessari er ætlað að veita hæfilega vissu fyrir því að endurskoðun sem fyrirtækið framkvæmir sé í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir. Vegna eðlislægra takmarkana er gæðaeftirlitskerfum ekki ætlað að veita algjöra vissu fyrir því að girt sé fyrir eða komið sé að öllu leyti í veg fyrir að frávik greinist frá fylgni við viðkomandi lög og reglugerðir.

Stjórn KPMG ehf. hefur farið yfir:

- Hönnun og virkni gæðaeftirlitskerfa sem lýst er í skýrslu þessari.
- Niðurstöður hinna ýmsu úttekta sem gerðar eru af félaginu, þar á meðal úttekta innan ramma KPMG International sem lýst er í kafla 4.7.1.
- Niðurstöður ytra eftirlits og eftirfylgni með aðgerðaáætlunum.

Með tilliti til alls framangreinds staðfestir stjórn KPMG ehf. með bestu vitneskju að gæðaeftirlitskerfi félagsins hafi verið virk á starfsárinu sem lauk 30. september 2018.

Jafnframt staðfestir stjórn KPMG ehf. að innri úttekt á óhæðisstaðfestingum innan félagsins hafi verið framkvæmd á starfsárinu sem lauk 30. september 2018.


Reykjavík, 1. mars 2019

Jón S. Helgason



Hrafnhildur Helgadóttir

Svanbjörn Thoroddsen





Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Hlynur Sigurðsson



Ágúst Karl Guðmundsson



Viðauki 1

Stjórnendur KPMG ehf.



Jón S. Helgason
Framkvæmdastjóri

Jón er löggiltur endurskoðandi og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2001. Hann hefur verið framkvæmdastjóri síðan 2012 og var áður í stjórn og stjórnarformaður í sex ár.



Svanbjörn Thoroddsen
Stjórnarformaður

Svanbjörn er hagfræðingur á ráðgjafarsviði og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2011. Hann hefur verið stjórnarformaður í fjögur ár.



Hlynur Sigurðsson
Stjórnarmaður

Hlynur er löggiltur endurskoðandi og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2004. Hann var Risk Management Partner á árunum 2006-2013 og hefur setið í stjórn síðan 2016.



Hrafnhildur Helgadóttir
Stjórnarmaður

Hrafnhildur er löggiltur endurskoðandi og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2010. Hún hefur verið Quality Performance Liaison Partner (QPLP) frá árinu 2014 og hefur setið í stjórn síðan 2016.



Kristrún Helga Ingólfssdóttir
Stjórnarmaður

Kristrún er löggiltur endurskoðandi og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2004. Hún var Quality Performance Liaison Partner (QPLP) á árunum 2005-2013, hefur stjórnað Department of Professional Practice frá árinu 2005 og setið í stjórn síðan 2016.



Ágúst Karl Guðmundsson
Stjórnarmaður

Ágúst er lögmaður og LL.M í alþjóðlegum- og evrópskum skattarétti. Hann hefur verið hluthafi hjá KPMG frá 2014 og setið í stjórn síðan 2017.



Benedikt K. Magnússon
Sviðsstjóri ráðgjafarsviðs

Benedikt er viðskiptafræðingur með MSc. í fjármálum og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2007. Hann hefur verið sviðsstjóri ráðgjafarsviðs frá árinu 2013.



Birna M. Rannversdóttir
Sviðsstjóri bókhalds- og uppgjörssviðs

Birna er löggiltur endurskoðandi og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2015. Hún hefur verið sviðsstjóri bókhalds- og uppgjörssviðs frá árinu 2016.



Guðný Helga Guðmundsdóttir
Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs

Guðný Helga er löggiltur endurskoðandi og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2007. Hún hefur verið sviðsstjóri endurskoðunarsviðs frá árinu 2013.



Soffía Eydís Björgvinsdóttir
Sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs

Soffía Eydís er lögfræðingur og hefur verið hluthafi hjá KPMG frá árinu 2010. Hún hefur verið sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs frá árinu 2016.

Viðauki 2

Einingar tengdar almannahagsmunum

Eining tengd almannahagsmunum er skilgreind í 7. tölul. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 með eftirfarandi hætti:

- Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki.
- Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.

Eftirfarandi er skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem KPMG á Íslandi annaðist lögboðna endurskoðun fyrir á fjárhagsárinu sem lauk 30. september 2018 (vegna ársreikninga 2017):

Alda Credit Fund slhf. (AAM GLEQ)	Marel hf.
Eik fasteignafélag hf.	Mosfellsbær
Eimskipafélag Íslands hf.	Norðurslóð 4 ehf.
Farice ehf.	Origo hf.
Félagsbústaðir hf.	Orkuveita Reykjavíkur
Fí Fasteignafélag slhf.	Rangárþing ytra
Fjarðabyggð	Reginn hf.
Fljótshálfshérað	Reitir fasteignafélag hf.
Foss fasteignafélag slhf.	Reykjavíkurborg
Garðabær	Síminn hf.
Heimavellir hf.	Skeljungur hf.
Icelandair Group hf.	Stykkishólmur
Klappir Grænar Lausnir hf.	Váttryggingafélag Íslands hf.
Landfestar ehf.	Vestmannaeyjabær
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Vopnafjarðarhreppur
Líftryggingafélag Íslands hf.	

